

**Ed.**

**146. Nefndarálit**

[89. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenskrar krónu.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd efri deildar hefur rætt frumvarpið, en ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Í ljós kom, að meiri hluti nefndarinnar er ákveðinn í að afgreiða þetta yfirgripsmikla mál nú þegar og án nánari athugunar. Ekki fékkst samþykkt sú tillaga minni hlutans, að rætt yrði við fulltrúa þeirra samtaka, sem eiga stærstra hagsmuna að gæta í þessu sambandi. Telur minni hluti nefndarinnar ástæðu til að mótmæla harðlega slíkri afgreiðslu þessa mikilvæga máls.

Minni hluti nefndarinnar varar sérstaklega við ákvæðum I. kafla frumvarpsins um ákvörðun fiskverðs og stofnfjársljóð. Gert er ráð fyrir því að rifta með lögum gildandi kjarasamningum sjómanna um hlutaskipti. Þetta hyggst hæstvirt ríkisstjórn gera með því að leggja samtals allt að 27% eða 37% ofan á fiskverð það, sem Verðlagsráð sjávarútvegsins ákveður, og láta renna til útgerðarmanna, án þess að sú upphæð komi til hlutaskipta. Er ljóst, að hér er um að ræða gífurlega kjarskerðingu, og er þess engin von, að sjómannastéttin sætti sig við hana. Með slíkri lagasetningu er því bersýnilega stofnað til ófriðar við sjómannasamtökin.

Vegna breyttrar tækni, dýrari báta og tækja má vel vera, að nauðsynlegt sé að breyta að einhverju leyti umsömdum hlutaskiptum. Minni hlutinn telur hins vegar ófært, að slíkt sé gert með lögþvingun. Hlutaskiptin hafa verið ákveðin með samningum sjómanna og útgerðarmanna. Ef þeim á að breyta, á að fara sammingsleiðina.

Minni hlutinn vill einnig vara við þeirri stefnu, sem mörkuð er í II. kafla frumvarpsins um útflutningsgjald af sjávarafurðum. Enn er gert ráð fyrir auknum álögum á atvinnuvegi landsins. Það skal að visu viðurkennt, að útflutningsgjald af sjávarafurðum rennur til greiðslu á ýmsum kostnaði vegna sjávarútvegsins. Minni hluti sjávarútvegsnefndar telur hins vegar eðlilegra, að með samræmdu átaki hæstvirkar ríkisstjórnar og útgerðarmanna sé lögð áherzla á að lækka hina ýmsu kostnaðarliði, sérstaklega váttryggingariðgjöld fiskiskipa.

Um III. kafla frumvarpsins um ráðstöfun gengishagnaðar sér minni hluti sjávarútvegsnefndar ekki ástæðu til að gera sérstakar athugasemdir. Þó vill minni hlutinn vara við þeim viðtæku heimildum, sem sjávarútvegsráðgjafar eru veittar í þessu sambandi. Enn er leitast við að draga eðlilegar ákvarðanir úr höndum Alþingis.

Á þingi Alþýðusambands Íslands 28. nóvember s. l. var einróma samþykkt, að því aðeins yrði gengið til samninga við ríkisstjórnina um kjaramál, að engum lögþvingunum yrði beitt. Engu að síður lagði ríkisstjórnin umrætt frumvarp fram fáeinum dögum eftir að þingi Alþýðusambands Íslands lauk og gerir þar ráð fyrir að rifta með lögum gildandi samningum um kjör sjómanna.

Á fyrsta stjórnarfundum Alþýðusambands Íslands 5. þ. m. var kjörin fimm manna nefnd til þess að ganga á fund hæstvirkar ríkisstjórnar með tilmælum um, að frumvarpið yrði lagt til hliðar, á meðan viðræður um kjaramálin fara fram.

Eftir að frumvarpið var lagt fram, hafa sjómannaráðstefna Sjómannafélags Íslands, haldin 8. þ. m., og stjórn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands mótmælt harðlega þeirri skerðingu á kjörum sjómanna, sem ráðgerð er í umræddu frumvarpi, eins og fram hefur komið í fréttum. Í samþykkt þessara samtaka er jafnframt lögð áherzla á, að réttur sjómanna verði tryggður með öðrum ráðum, ef Alþingi samþykkir frumvarpið.

Þrátt fyrir þessi ákveðnu mótmæli launþegasamtakanna virðist meiri hluti sjávarútvegsnefndar og hæstvirt ríkisstjórn staðráðin í því að hraða afgreiðslu umrædds frumvarps.

Með tilvísun til þess, sem hér hefur verið rakið, leggur minni hluti nefndarinnar til, að málið verði afgreitt með svofelldri

#### RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem ljóst er, að samþykkt frumvarpsins getur leitt til ófriðar á vinnumarkaðnum og stöðvun fiskveiða á komandi vertíð, sem mundi hafa hinar örlagaríkustu afleiðingar fyrir íslenskan þjóðarbúskap, ályktar deildin að vísa frumvarpinu frá og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 11. des. 1968.

Steingrímur Hermannsson,  
frsm.

Ólafur Jóhannesson.

Sigurður Grétar Guðmundsson.